



Siðfræði netsins

Upplýsingafræði

Sólveig Friðriksdóttir

Siðfræði – Siðferði

- „Siðfræði er fræðigrein um grundvöll siðferðis þar sem leitast er við að skýra mannlega breytni og finna forsendur og réttlætingu siðareglna, og rannsaka mismunandi hefðir og skoðanir um hvað sé rétt og rangt.“
(Íslensk orðabók : M-Ö. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. Edda, Reykjavík, s.1271)
- „Munurinn á siðfræði og siðferði er sá að siðfræði fjallar um siðferði, líkt og bókmenntafræði fjallar um bókmenntir... Siðferði er fyrst og fremst verklegt en siðfræði einungis bókleg.“ (Kristján G. Arngrímsson. 7. júní 2003. „Siðferði og siðfræði.“ *Morgunblaðið*, s. 6)
 - Sjá nánar í grein á Vísindavefnum: Hvað er siðferði? Og hvað er siðfræði?
 - <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5247>

Helstu þættir siðferðis

- Siðferðileg verðmæti
 - Hvaða verðmæti eru í húfi í tengslum við fjölmiðlun, tölvu- og upplýsingatækni?
- Siðareglur
 - Hvaða siðareglur gilda eða ættu að gilda á þessu sviði?
- Dyggðir
 - Á hvaða persónulegu eiginleika og mannkosti reynir á á þessu sviði?
- Ábyrgð og skyldur
 - Hvaða sérstöku ábyrgð og skyldur bera þeir sem starfa á þessu sviði?
 - Heilbrigðisstéttir – Kennarar

Gæði/verðmæti – Verðmæti siðferðis

- Þrjár tegundir af gæðum eða verðmætum:
 1. veraldleg gæði – fjármunir og völd
 2. andleg gæði – listir, þekking o.fl.
 3. siðferðigæði – réttlæti, ást og frelsi
- Verðmæti siðferðis
 - Tillitssemi
 - Virðing við aðrar manneskjur, eignarétt og friðhelgi einkalífs
 - Siðareglur
 - boð – bönn
 - Bann – Þú skalt ekki valda öðrum skaða eða tjóni

Upplýsinga- og tölvusiðfræði



VectorStock® VectorStock.com/10050779

- Telst til hagnýtrar heimspeki
- Netsiðfræði
 - Greining á eðli og afleiðingum tölvu- og upplýsingatækninnar og þeim siðferðilegu reglum og verðmætum sem halda þarf í heiðri við notkun hennar.
 - Markmið að tæknin virði og efla mikilvæg mannleg verðmæti fremur en að skaða þau.
- Fæst einnig við höfundarétt á hugbúnaði
- Vefhönnuðir byggja vinnu sína í auknum mæli á hugmyndum tölvusiðfræðinnar

Hugbúnaður og upplýsingar sem eign

- Meginreglan:

Vestræn samfélag hafa löngum litið á að það væri rangt að nota eignir án leyfis

- hugbúnaður er „hugverka“-eign og afritun eða notkun án leyfis því röng
- ef fyrirtæki eða einstaklingar verja tíma og peningum í að búa til hugbúnað þá ættu þeir að eiga framleiðsluna
- hugbúnaðurinn verður að þjóna því hlutverki sem hann var ætlaður fyrir og eigandi hefur ekki rétt til að dreifa hugbúnaði sem er gallaður eða ekki nægjanlega prófaður
 - vírusar

Hugbúnaður og upplýsingar sem eign frh.

- Vandkvæði
 - Erfiðara að gæta og halda utan um hugverkæign en efnislega eign
 - upplýsingar felast í táknum, þær eru óáþreifanlegar og huglægar
 - auðvelt að afrita, flytja, deila með öðrum og hafa tilhneigingu til að „leka“, jafnvel í gegnum varnargirðingar
 - hugverkæignir verða stöðugt eftirsóttari og því er stöðugt meiri freisting að komast yfir þær án þess að greiða eigandanum

Algeng misnotkun

- þjófnaður á upplýsingum og hugbúnaði
- notkun á óleyfilegum hugbúnaði, sem ekki er frá réttum framleiðanda o.s.frv.
- brot á friðhelgi einkalífs með óheimilum aðgangi að persónulegum gögnum
- hakkarar – þeir sem vísitandi brjótast inn í tölvukerfi
- framleiðsla og dreifing á tölvuvírusum í því augnamiði að trufla eða vinna skemmdarverk á tölvubúnaði

Siðfræði netsins

- Í upphafi komu notendur netsins sér saman um vissar reglur um notkun þess. Nú er netið hins vegar samskiptamiðill alheimsins og lýtur lítilli (engri??) stjórn eða reglum.
- Mjög auðvelt að birta og nálgast efni á netinu sem þýðir að ýmislegt „varasamt“ er þar í ómældu magni
 - leiðbeiningar um tölvuinnbrot, klám eða sprengjugalög
 - lítið hægt að ritskoða eða beita takmörkunum

Andi netsins

- Hannað í upphafi til að standast kjarnorkustríð
 - Engin miðlæg stjórnstöð
 - Hægt að fjarlægja hluti þess án þess að hafa áhrif á heildina
- Notendur mjög hlynntir innri stjórnun fremur en ytri afskiptum
 - Netið er dæmi um stjórnleysi í framkvæmd

Fjölföldun („Spamming“)

- Auðvelt að senda fjölda boða á marga ólíka markhópa;
 - freisting t.d. fyrir fyrirtæki og þjónustuaðila til að auglýsa vöru – ódýrt en áhrifaríkt
 - álitid óviðeigandi og illa séð af notendum

Er hægt að bæta umgengni á netinu?

- Útilokað að koma við ritskoðun eða öðrum slíkum takmörkunum
- Mikilvægt að mennta og þjálfa notendur netsins
 - aðgengileiki og hagnýtni netsins byggist á því að hver og einn notandi fylgi vissum samskiptareglum af fúsum og frjálsum vilja
 - netið er viðskiptaumhverfi
 - reglur um viðskiptahætti þarf að móta

Rafrænt eftirlit

- Eftirlit með einstaklingum (t.d. vinnuveitanda)
 - fylgst með hvað er skoðað, hversu lengi o.fl.
- Eftirlit frá öðrum
 - upplýsingum oft safnað ósýnilega og sjálfkrafa án vitneskju þess sem upplýsingarnar eru um. Krafa um upplýst samþykki. Á sumum heimasíðum er gert viðvart og viðkomandi hefur val
 - hægt að safna og greina mikið magn upplýsinga
 - eftirlit sem ekki er háð tíma, fjarlægðum, sem eitt sinn tryggðu einkalíf

Rafrænt eftirlit frh.

- Vaxandi möguleikar á að fá heildarmynd af einstakling, sögu hans, persónulegum högum, neyslu, líkamlegu og andlegu ástandi og hegðun
- Vaxandi markaður fyrir persónulegar upplýsingar um heilsu, neyslu o.fl.
- Hlutfallið milli þess sem einstaklingurinn veit um sjálfan sig og þess sem utanaðkomandi sérfræðingar vita um hann hefur snúist einstaklingnum í óhag

Stefna ríkisstjórnarinnar frá 1996 um Vefinn

(Í krafti upplýsinga. Tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni)

- Í kafla um siðferði er rétt að benda á eftirfarandi leið:
 - *Stofnuð verði siðanefnd um upplýsingatækni á Íslandi sem taki fyrir, að eigin frumkvæði eða annarra, siðferðileg álitamál er ekki falla undir gildandi lög og reglugerðir. Nefndin hvetji starfstéttir og stofnanir, er nýta upplýsingatækni, til að setja sér skýrar siða- og notkunarreglur, og aðstoði þessa aðila við gerð þeirra.*
 - <http://www.ismennt.is/vefir/eyglob/uppl/kraftur.html>
- Siðlaust efni
 - Ekki skal birta eða vísa í efni sem stríðir gegn almennu velsæmi eða sært getur siðferðisvitund manna